

4. mars 1995
Hotel Borg
Kol

Guðný Guðbjörnsdóttir

Kvenfrelsi og kjarabaráttá**Góðir fundargestir!**

Við Kvinnalístakonur erum nú að heyja okkar fjórðu kosningabaráttu til Alþingis. Að Kvinnalístanum standa konur, sem telja að sérframboð kvenna til Alþingis sé ein leið til að bæta stöðu þeirra. Hann er eina stjórn málaflíð sem tekist hefur að hasla sér völl við hliðina á fjórflokknum á Íslandi lengur en í tvö kjörtímabil og hann hefur vakið heimsathygli fyrir framgöngu sína, vinnubrögð og árangur. Eitt áþreifanlegasta dæmið um árangur okkar er einmitt sú staðreynd að það er kvinnalístakona sem nú skipar eitt valdamesta fulltrúaembætti þjóðarinnar. Og hér á ég auðvitað við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra og fyrrverandi þingkonu kvinnalístans, sem mun segja okkur frá starfi sínu hér á eftir.

Kvinnalístinn er eina stjórn málaflíð sem vill breyta samfélaginu með því að setja kvenfrelsi, mannréttindi og samábyrgð í öndvegi. Sem kvinnabaráttuafll leggur Kvinnalístinn höfuðáherslu á kvenfrelsi, en þar veða langþyngst mannsæmandi laun eða efnahagslegt sjálfstæði.

En hvað er átt við með að Kvinnalístinn sé kvenfrelsisafll? Feminismi er sú hugmyndafræði sem Kvinnalístinn hefur byggt á frá upphafi. Innan hennar má greina margs konar áherslur, enda tíðkast nú að tala um kvenfrelsisstefnur eða "feminisma" í fleirtölu. Allar stefna þær að **kvenfrelsi - að gera konur efnahagslega sjálfstæðar og frjálsar; að gera störf þeirra og reynslu sýnilegri og afnema alla mismunun á grundvelli kynferðis.** Áherslumun má merkja um leiðir og rök til að ná settum markmiðum. Þar sem konur koma úr öllum stéttum og hafa mjög mismunandi aðstæður og lífsskoðanir eru til bæði hægrisinnaðar og vinstrisinnaðar kvenfrelsiskonur. Kvinnalístinn vill vera málsvari allra kvenna og hefur því ávallt hafnað því að vera flokkaður til hægri eða vinstri og kennir sig þess vegna við "þriðju viddina". Enn sem fyrr er stefnt að kvenfrelsi öllum konum til handa og að grundvallarmannréttindi séu virt.

Sú kvenfrelsisstefna sem mest var áberandi þegar fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1975 var frjálslyndur feminismi. Áhersla var lögð á að konur fengju aðgang að öllu sem karlar hefðu aðgang að. Þetta var jafnrétti á forsendum karla eða þess þjóðfélags sem þeir höfðu mótað. Með tilkomu Kvinnafamboðsins árið 1982 og Kvinnalístans árið 1983 komu nýjar áherslur, sem stundum eru kenndar við menningarfeminisma. Áhersla var lögð á að konur ættu sameiginlega reynslu og menningararf sem gæfi þeim aðra sýn á veruleikann sem koma þyrfti fram í stjórn málum. Þetta birtist ekki síst í aukinni áherslu á að endurmeta þurfi störf kvenna

og í baráttu gegn öllu ofbeldi gagnvart konum og börnum. Þó að áherslan hafi ávallt verið á sameiginlega reynslu, en ekki á sameiginlega eiginleika kvenna, þá festust smám saman ákveðnar klisjur eða merkimiðar við Kvinnalistakonur: Þær áttu helst allar að vera "hagsýnar húsmæður", "hlýjar mæður" og "friðarsinnar". Sú gagnrýni var einnig sett fram á prenti að Kvinnalistakonur klæddu sig á ákveðinn hátt! Hin sameiginlega reynsla var túlkuð sem sameiginleg einkenni eða eiginleikar. Sumum fannst að þessi "hugmyndafræði" væri farin að viðhalda hefðbundnum staðalmyndum í stað þess að breyta þeim sem hlyti að vera tilgangur kvennabaráttuafis á borð við Kvinnalistann.

Það skal áréttað að það að festa ákveðna eiginleika við konur var aldrei hluti að hugmyndafræði samtakanna. Þar var ávallt gengið út frá reynslu kvenna. En á meðan sumar kvinnalistakonur virtust fyllilega sáttar við þessa merkimiða, þá særðu þeir frelsistilfinningu annarra, sem ekki vildu láta skilgreina sig út frá hefðbundnum kvenlegum dyggðum. Slíkt væri of takmarkandi fyrir kvenfrelsiskonur sem ávallt hafa risið upp gegn ríkjandi hefðum, krafist frelsis í hegðun og útliti og aðstöðu til að hafa áhrif á eigin líf og samfélag.

Undanfarin ár hefur þess orðið vart bæði innan Kvinnalistans og í erlendum kvenfrelsishreyfingum að konur leggja vaxandi áherslu á að þrátt fyrir sameiginlega reynslu sé ekki síður mikilvægt í allri kvennabaráttu að taka mið af margbreytileika kvenna. Með því er átt við að aðstæður kvenna séu breytilegar, og þær sjálfar um leið, þar sem sjálfsmyndin og reynslan mótist meira af stöðu fólks og aðstæðum en af einstaklingsbundnum eða kynbundnum eiginleikum. Þetta þýðir m.a. að það er fremur staða kvenna í samfélaginu, sem dregur úr þeim kjark, ef um það er að ræða, en einhverjir eiginleikar sem einkenni þær sem einstaklinga eða hóp. Nægir að benda á misréttið í launamálum eða á fæð kvenna í valdastöðum til að sjá að mikið vantar á að kynin standi jöfn að þessu leyti. Ofmat karla og vanmat kvenna á eigin störfum, sem fram kom til dæmis í nýbirtri könnun um kynbundinn launamun, endurspeglar því fyrst og fremst valdastöðu kynjanna í þjóðfélaginu. Ef konur hafa lítið sjálfstraust er best að breyta því að styrkja efnahagslega stöðu sína, með baráttu fyrir bættum launum og völdum. Fræðilega eru uppi hugmyndir um að sjálfsmyndir karla séu afmarkaðri en sjálfsmyndir kvenna sem einkennist meira af tengslum við aðra, en jafnframt er bent á að sjálfsmyndir nútímafólks einkennist af hugsjónaleysi og því sem fjölmiðlar halda að því hverju sinni. Hér er ekki tími til slíkra vangaveltna en óhætt er að fullyrða að kynjamunurinn á sjálfsmyndum fer minnkandi með breyttri stöðu kvenna og að tíðarandinn með fjölmiðlana og félagsmótun skólanna sem mótandi afl, hefur vissulega sín áhrif. (Þeim sem vilja kynna sér þessa umræðu nánar er bent á tímaritið *Fléttur*, Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum.)

Þetta sýnir glögggt hversu mikilvægt það er að kjör kvenna séu ekki lakari en kjör karla. Konur sem eru í kvennabaráttu eru sannfærðar um að konur verða sjálfar að

breyta þessari stöðu, enginn annar muni gera það. Einnig að einstaklingsbarátta hvernar og einnar er til lítills í kvennabaráttunni, nema hún nýtist öðrum konum um leið.

Í *Framtíðarsýn* Kvennalistans fyrir komandi kosningar er bæði lögð áhersla á sameiginlega reynslu kvenna og margbreytileika þeirra. Einnig að virða verði rétt kvenna til að velja sér þann lífsfarveg sem þær kjósa. Kvennalistinn hvetur konur til að vinna sameiginlega að bættri stöðu allra kvenna með áherslu á systrasamstöðu og ábyrgð, en um leið leggur hann áherslu á að aðstæður kvenna eru breytilegar, t.d. eftir búsetu, menntun, hjúskaparstöðu, kynhneygð, aldri og heilsufari, sem kallar á mismunandi áherslur fyrir mismunandi hópa hverju sinni. Þetta minnir okkur á nauðsyn þess að við hlustum vel á mismunandi raddir, að við virðum margbreytileikann jafnt í skoðunum sem í hegðun og útliti. Þó að Kvennalistinn leggi áherslu á málefnalega stjórnmalabaráttu og á aukið aðhald og gott siðferði í stjórnmalum, þá erum við kvennabaráttukonur sem viljum gera reynslu formæðra okkar sýnilega um leið og við rísum gegn ríkjandi hefðum um valdaleysi kvenna. Við viljum áhrif og völd til að breyta okkar aðstæðum til að konur geti orðið frjálsar og sjálfstæðar í sama mæli og karlar. Sem kvenfrelsisafll vill Kvennalistinn völd til að berjast gegn þeirri kvenfyrirlitingu, sem birtist m.a. í ofbeldi gagnvart konum og börnum, nauðgunum, klámi eða niðrandi tungutaki um konur, sem er óþolandi og þarf að uppræta. Annað er brot á mannréttindum. Aukið jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og á heimilunum mun koma allri fjölskyldunni til góða, líka börnum og körlum. Það yrði því fagnaðarefni ef æ fleiri karlar áttuðu sig á að jafnréttisbarátta kynjanna er mannréttindabaráttu fyrir alla. Feður eiga auðvitað að getað sinnt foreldrahlutverkinu til jafns við mæður og stuðlað með því að bættu fjölskyldulífi og réttlátara samfélagi fyrir dætur sínar og syni.

En þarf Kvennalista til að gera þessa hluti, eru ekki ungar Sjálfstæðiskonur komnar með kvennabaráttuna í öndvegi? Athygli vakti á nýliðnu ári þegar ungar konur í Sjálfstæðisflokknum héldu fundi um kvennabaráttu "til hægri". Þær raddir heyrðust að úr því að Kvennalistinn hefði farið í samstarf með félagshyggjuflokkunum í Reykjavík, væri ljóst að hann hefði skipað sér "til vinstri". Það virtist því mikilvægt að sýna fram á, að það væri engin mótsögn í því að vera hægrimanneskja og að vera kvenfrelsiskona, sem auðvitað er rétt. En þó að Kvennalistinn hafi farið til samstarfs við aðra flokka í Reykjavík er ekki þar með sagt að hann sé vinstriflokkur. Ef svo væri, hlytu allir íslenskir stjórnmalaflokkar að teljast vinstriflokkar, samanber samsteypustjórnir fyrr og síðar.

Það yrði mér mikið fagnaðarefni ef kvenfrelsisbaráttan næði inn í Sjálfstæðisflokkinn, en furðu sætir að þessar ungu sjálfstæðu konur skuli ekki hafa farið af stað fyrr en eftir að flestir listar flokksins höfðu verið ákveðnir. Hefði ekki verið æskilegra að hefja starfið fyrr svo að þær gætu sjálfar tekið þátt í prófkjörum

flokksins eða að minnsta kosti stutt þær konur sem buðu sig fram? Vissulega hefði það verið trúverðugra, en hugsanlega hefði það einmitt orðið til að drepa þessa hreyfingu í fæðingu. Er nokkur ástæða til að ætla að þeir Davíð Oddson, Friðrik Sophusson og Ólafur G. Einarsson setji kvenfrelismálin á oddinn? Ungu sjálfstæðiskonurnar segja að svo sé, því kvennabaráttu til hægri sé kvennabaráttu þar sem sjálfstæði einstaklingsins sé í fyrirrúmi. Þær ætla sem sagt annaðhvort að fara til baka til ársins 1975 og leggja áherslu á að konur geti gert allt það sama og karlar á forsendum karla eða berjast ein og ein fyrir eigin frama án þess að hugsa um aðrar konur. Ef svo er getur það varla kallast kvennabaráttu. Vonandi sjá kjósendur í gegn um þessar blekkingar.

En hvers vegna hvers vegna eru kjarabaráttu og launajafnrétti forgangsbáttir fyrir Kvennalistann sem kvenfrelsisafli? Frumförsenda kvenfrelsis er efnahagslegt sjálfstæði. Kvenfrelsi verður ekki náð nema leiðréttur verði sá launamunur sem er á milli kvenna og karla í landinu. Það hefur lengi verið vitað að um kynbundinn launamun sé að ræða, samanber til dæmis þær tölulegu upplýsingar sem koma fram í bæklingi Hagstofunnar "Konur og Karlar". Til dæmis fá afgreiðslukonur aðeins 71% af tímakaupi karla við sömu störf og skrifstofukonur aðeins 76%, þrátt fyrir öll jafnréttislög en það hefur ekki verið jafnljóst og nú hvernig skýra má þennan mun. Það gerir hin nýja skýrsla Jafnréttisráðs um launamyndun og kynbundinn launamun, sem vel að merkja var fjármögnuð af samnorrænu fé. Þar kemur skýrt fram að hér á landi viðgengst grimmilegt launamisrétti á milli kynja og að konum er mismunað á vinnustöðum í launum og tækifærum til starfsframa. Þó að vissulega sé enn ástæða til að hvetja konur jafnt sem karla til að afla sér menntunar, er það ótrúlegt en satt að háskólamenntun kvenna vegur einungis 65% til launa miðað við háskólamenntun karla. Einnig kemur skýrt fram að þennan launamun er ekki hægt að skýra með minni áhuga kvenna á því að takast á við ábyrgðarmeiri störf. Háskólamenntaðar konur sækja jafn oft um stöðu- og launahækkunir og karlar. Það er bara ekki eins vel á þær hlustað!

Talsmenn fjórflokksins hafa haft stór orð um áðurnefnda skýrslu um launamyndun og kynbundinn launamun, eins og þær niðurstöður hafi komið þeim í opna skjöldu. En þjóðin er ekki búin að gleyma því að það var Ólafur Ragnar Grímsson sem, með bráðabirgðalögum, tók þá launahækkun af kennurum og öðrum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum sem samið hafði verið um á sínum tíma.

Þjóðin veit einnig að Davíð Oddson samþykkti ekki frumvarpið sem hann notaði til að leysa sjúkraliðaverkfallið. Í þeirri deilu var meðal annars gert að því skóna að eina leiðin til að leysa hana væri að taka aftur þá leiðréttingu sem hjúkrunarfræðingar höfðu fengið í sínum kjarasamningum. Innbyrðis samanburður á milli tveggja kvennastétta, sem báðar eru vanmetnar til launa, var gerður að aðalmáli. Skilningsleysi

ríkisstjórnarinnar í kjaradeilu kennara er enn einn vitnið um þeirra miður góða ásetning í þessum efnum.

Nei, flokkar þeirra Ólafs Ragnars, Davíðs og Friðriks eru ekki trúverðugir til að endurmeta störf kvenna þannig að eðli starfanna og sú menntun sem þau krefjast verði metin að verðleikum. Kvinnalistinn er eina stjórn málaaflið sem setur kvenfrelsisbaráttuna í öndvegi, ekki síst launajafnréttið, því efnahagslegt sjálfstæði er helsti hornsteinn kvenfrelsis og grundvallarmannréttindi. Allir einstaklingar verða að geta staðið á eigin fótum, annað er ekki boðlegt fyrir konur og karla í lýðfrjálsu landi. Ef launajafnrétti væri staðreynd þá fyrst mætti gera ráð fyrir að foreldrar skiptu jafnt með sér foreldraábyrgðinni, og þá fyrst væru líkur á því að barneignir kæmu jafnt við bæði kyn bæði tilfinningalega og á vinnumarkaði. Það hefði vonandi í för eð sér betra fjölskyldulíf og færri hjónaskilnaði. Ef til skilnaðar kæmi ættu feður og mæður þá jafnari möguleika til forræðis en nú, á meðan börnin þekkja mæður sín mun betur en feður.

Áhersla Kvinnalistans á launajafnrétti er ekki nýtilkomin eins og gjörla sést af málflutningi Kvinnalistans á Alþingi frá upphafi, sem oftast en ekki var fyrir daufum eyrum fjórflokksins. Kvinnalistinn telur algjöra uppstökkun á launakerfinu nauðsynlega til að bæta stöðu kvenna. Hækka þarf lægstu laun, útrýma þarf launamun kynjanna og launakerfið þarf að vera gagnsætt þannig að misrétti viðgangist ekki í gegnum endalausar aukasporslur og óþarfá yfirvinnu, ekki síst á tímum atvinnuleysis.

Eitt mikilvægt skref í þessa átt er að láta fara fram ókynbundið starfsmat, þar sem tryggt er að störf og menntun verði metin að verðleikum. Kvinnalistinn vill þjóðarsátt um stórbætt kjör kvenna og annarra láglaunahópa, þannig að dagvinnulaun dugi til framfærslu, styttingu vinnuvikunnar og sveigjanlegan vinnutíma. Skatta- og húsnæðismál svo og atvinnumál eru auðvitað stór hluti af heildarkjörum og þar þarf víða að taka til hendinni. Ég hvet fundarmenn til að kynna sér vel stefnu Kvinnalistans í þeim málum, því að kjarabaráttan snýst ekki bara um fleiri krónur í launaumslagið heldur um möguleika fólks til að lifa mannsæmandi lífi.

Nú eru 20 ár síðan fyrstu lög um jafnrétti kvenna og karla voru sett, án þess að jöfn staða kvenna og karla sé í auglýning. Það er mikið umhugsunarefni hversu léttvæg þau lög hafa reynst í þessari baráttu. Þau eru margbrotin án þess að nokkuð sé að gert. Enn ein hliðin á launamisréttinu er sú að launamunurinn er notaður til að dæma konum lægri skaðabætur en körlum, ef til áfalla kemur. Bótageiðslur út lífið eru miðaðar við tekjur einstaklings árið áður en til mats kemur, en ekki við þá framtíðarsýn að launajafnrétti sé komið á eins og jafnréttislögin boða. Það er von mín að sú breyting sem nú er í burðarliðnum á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar tryggi að réttur kvenna gagnvart lögum og dómstólum verði jafn sterkur og réttur karla og að jafnréttislögin geti orðið það tæki sem þeim er ætlað til að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla.

Enn er mikið verk að vinna í íslenskri kvennabaráttu. Konur verða að standa saman til að berjast fyrir frelsi sínu og sjálfstæði. Við verðum að breyta heiminum sjálfar, það gerir það enginn fyrir okkur.

Er ekki kominn tími til að hleypa krafti samstöðunnar og margbreytileikans að við stjórn landsmálanna, nýjum hugmyndum og öðrum aðferðum?